



Akraneskaupstaður

Kynningarfundur – Innnesvegur 1

Vinnslutillaga að breytingu á aðal- og deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6, vegna Innnesvegar 1, verður kynnt að Dalbraut 4, Akranesi, 23. september dags. kl. 17:00 skv. 2. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6, vegna Innnesvegar 1, felst í að breyta notkun á lóð. Heimilt verður að reka bílaþvottastöð sem er opin allan sólarhringinn auk smur- og dekkjaþjónustu sem er opin á daginn í núverandi húsnæði.

Í aðalskipulagsbreytingu eru sett sérákvæði um VP-212 með heimild fyrir verkstæði og bílaþjónustu umfram núverandi ákvæði um verslun og þjónustu.

Eftir kynninguna mun skipulags- og umhverfisráð ljúka gerð tillagnanna og leggja fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu. Ákveði bæjarstjórn að auglýsa ofangreindar skipulagstillögur verður frestur til að gera athugasemdir við þær minnsta kosti 6 vikur sbr. ákvæði skipulagslaga.

Meira um vinnslutillöguna má nálgast á <https://www.skipulagsgatt.is/>. Íbúar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar